

## Pögul samskipti

Hér er á ferðinni aðferð sem gerir nemendum kleift að hugsa og deila hugsun sinni á sameiginlegu svæði (stafrænu eða innan kennslustofunnar) og eiga samtál um texta við bekkjarfélaga sína í hljóði. Þessi aðferð hvetur jafnvel feimnustu nemendur til þess að deila hugsunum sínum með bekkjarfélögum. Í verkefninu skrifa nemendur niður hugsanir sínar og spurningar í hljóði, rýna og bæta við hugsanir og spurningar bekkjarfélaga sinna. Þeir taka þátt og eiga í virkum "samræðum" við bekkjarfélaga og öðlast þannig skilning á textanum.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra með því að hugsa", "Að læra gegnum samræður og samskipti" og "Að læra gegnum ígrundun og mat."

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- *Geta deilt hugsunum sínum í gegnum ritað mál*
- *Geta túlkað texta*
- *Geta öðlast betri skilning á texta með því að aðlaga hugsanir bekkjarfélaga að skilningi þeirra*
- *Geta sýnt virka hlustun þegar texti annarra nemenda er lesinn*
- *Geta útskýrt hvernig nýjar hugmyndir höfðu áhrif á hugsun þeirra*
- *Geta tjáð sig um hvernig þeir hugsa um langtímaáhrif gerða sinna og ákvarðana*

### Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig verkefnið er útfært. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 40 mínútur.

## Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
Stór pappír eða tafla og margir tússpennar	<p>- Búðu til reikning á Padlet fyrir skref 2</p> <p>Deildu stafræna borðinu með hópunum þar sem þeir geta bætt við eigin svörum.</p> <p>Dú munt þurfa:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fartölvu, spjaldtölvu fyrir hvern nemendahóp</li> </ul>

## Undirbúningur

Í Kennslustofunni:

- Settu þennan texta á töflu í kennslustofunni.

Blandað nám:

- Búðu til Padletborð með textanum fyrir skref 2.

- Hver nemandi hefur eigin spjaldtölvu/fartölvu.

Við mælum með að nota eftirfarandi texta í æfingunni:

„Ákvarðanir sem við tökum í dag ættu að leiða af sér sjálfbæran heim sjö kynslóðir inn í framtíðina.“

Þetta er meginregla sem kallast “Sjöunda kynslóða reglan” (e, *The Seventh Generation Principle*) sem er byggð á fornri Haudenosaunee (Iroquois indjána)\* heimspeki.

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Innlögn

Útskýrðu fyrir nemendum að þeir muni taka þátt í þöglu samtali. Það þýðir að enginn má tala. Allir hafa eitthvað til að skrifa á og allir hafa aðgang að töflunni eða Padletborðinu. Nemendur mega gera athugasemdir, spyrja spurninga, tengja við bekkjarfélaga, vera sammála/ósammála og útskýra textann og það sem aðrir nemendur hafa skrifað á töfluna. Öll svör og athugasemdir eru skrifuð af virðingu og gera ráð fyrir góðum ásetningi.

## Vinnuefni - samfélagslegar áskoranir

Sýndu nemendum eftirfarandi texta.

“Ákvarðanir sem við tökum í dag ættu að leiða af sér sjálfbæran heim sjö kynslóðir inn í framtíðina.”

Útskýrðu textann eins og þarf og æfinguna sjálfa. Í framhaldi geta nemendur bætt við hugsunum, spurningum, túlkunum, áskorunum á textanum en allt án þess að mæla orð af vörum. Hægt er að nota merkimiða með lími þannig að nemendurnir séu ekki allir upp við töfluna á sama tíma.

## 2 Opnaðu borðið Þögl samskiptin

Þegar allir hafa skilið hvað þeir eiga að gera geta þeir byrjað að skrifa á töfluna eða á Padletborðið. Leyfðu tímanum að líða. Stundum er virknin meiri og stundum minni sem gerir nemendum kleift að hugsa með sjálfum sér. Ef virknin er lítil getur þú hvatt nemendurna til að lesa allt það sem hefur verið skrifað á töfluna eða á Padletborðið, spyrja spurninga ef þeir skilja ekki eða bæta athugasemd við athugasemd einhvers annars. Þegar allar hugmyndir og hugsanir hafa komið fram skaltu láta nemendur lesa fyrir sjálfa sig allt sem er skrifað á töfluna eða á Padletborðið.

## 3 Ígrundun

Þegar allir eru búnir að lesa skaltu biðja nemendurna að standa í hálfhring í kringum töfluna (ef eru í kennslustofu). Byrjaðu á því að spyrja þá nokkurra einfaldra spurninga.

- Hverju tókuð þið eftir?
- Breyttist eitthvað í hugsun ykkar þegar þið lásuð hugsanir og spurningar annarra?
- Er eitthvað á töflunni sem þið viljið vita meira um?
- Hvað var ólíkt því að eiga hljóðlaust samtál miðað við venjulegt samtál?
- Hvernig hefur hugsun ykkar um tilvitnunina „Ákvarðanir sem við tökum í dag ættu að leiða af sér sjálfbæran heim sjö kynslóðir inn í framtíðina” breyst?

Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að skrifa niður á nýtt blað með tilvitnuninni eft, hugsanir sínar um hana og hvort þeim finnst hún mikilvæg hugmynd.

Nemendur fá nokkrar mínútur til að skrifa niður hugsanir sínar að lokinni umræðu. Biddu þá að velta því fyrir sér hvort þeir séu sammála tilvitnuninni eða ekki.

## 4 Fáðu fjölskylduna með!

Sendu nemendur heim með tilvitnunina. Biddu þá að deila bæði tilvitnuninni og eigin hugsunum með fjölskyldunni og biðja fjölskyldumeðlimi að skrifa niður

## Vinnuefni - samfélagslegar áskoranir

eigin hugsanir um tilvitnunina og hvort þeir séu henni sammála.

- Deildu Padletborðinu með foreldrum/forráðamönnum og leyfðu þeim að tjá sig um tilvitnunina þar

Stafrænt

Láttu nemendurna búa til borð með tilvitnuninni sem foreldrar/forráðamenn geta skrifað inn á með því að nota eftirfarandi verkfæri:

- Google Form
- Padletborð

Kynntu þér stafrænu verkfærin fyrir fram svo þú getir útskýrt fyrir nemendum hvernig á að nota þau.

Í kennslustofunni, láttu nemendur deila svörum fjölskyldumeðlima með bekknum. Hægt er að byrja á því að deila með einum bekkjarfélagi, í litlum hópi og svo með öllum bekknum, eftir því sem hentar.